

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar
Sölvhóls götu 4
101 Reykjavík

10. mars 2023

Efni: Umsögn BHM um drög að frumvarpi til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Í umsögn um drög að frumvörpum til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun dags. 31. október 2022 mótmælti BHM harðlega þeim áformum að öllu starfsfólki Menntamálastofnunar yrði sagt upp störfum og að þeim stæði til boða að sækja um sitt fyrra starf hjá nýrri stofnun eða eftir atvikum hjá ráðuneytinu sjálfu. Lagði BHM til að áformum ráðuneytisins varðandi niðurlagningu Menntamálastofnunar yrði breytt á þann veg að tryggja réttarstöðu starfsfólks sem fyrirhuguð breyting næði til. Við breytinguna yrði meðal annars horft til bráðabirgðaákvæðis í gildandi lögum um Menntamálastofnun sem tryggði starfsfólki störf hjá nýrri stofnun. Lýstu BHM og aðildarfélög sig reiðubúin til samtals og samráðs vegna fyrirhugaðra breytinga en tóku að öðru leyti ekki afstöðu til breytinga á skipulagi á sviði menntamála með nýrri heildarlöggjöf.

Nú hafa litið ljós ný drög að frumvarpi til *laga um þjónustustofnun á sviði menntamála* sem byggja á sömu hugmynd að leggja niður Menntamálastofnun og segja upp öllu starfsfólki. Eins og í fyrri umsögn BHM tekur bandalagið ekki efnislega afstöðu til þeirra breytinga sem stefnt er að með frumvarpinu nema að því leyti sem varðar starfsfólk Menntamálastofnunar.

Í frumvarpsdrögunum kemur fram að almennt séu þrjár leiðir taldar færar að lögum þegar stofnun er lögð niður og taka þarf afstöðu til þess hvernig fara á með málefni starfsfólks. Kemur þar jafnframt fram að ef fleiri en ein þessara leiða nær því markmiði sem að er stefnt er rétt að velja þá leið sem er minnst íþyngjandi gagnvart starfsfólki stofnunarinnar. Eina mögulega leiðin er sögð sú að segja öllu starfsfólki upp störfum en að flytja forstjóra stofnunarinnar í embætti forstjóra nýrrar stofnunar. Rökin eru meðal annars þau að verkefni nýrrar stofnunar verði verulega frábrugðin verkefnum Menntamálastofnunar og að endurskipuleggja þurfi innra skipulag hennar að fullu. Þá verði stofnunin þjónustustofnun en ekki stjórnsýslustofnun. Þetta muni breyta í verulegum atriðum daglegum störfum starfsmanna en ekki forstöðumanns.

BHM ítrekar fyrri afstöðu sína að í stað þess að öllu starfsfólki verði sagt upp störfum verði lögð áhersla á að tryggja starfsfólki Menntamálastofnunar sömu eða sambærileg störf hjá nýrri stofnun. Það liggur í hlutarins eðli að meginþorri verkefna Menntamálastofnunar verða til staðar hjá nýrri stofnun eða eftir atvikum hjá ráðuneytinu. Breyttar áherslur og breytta nálgun sömu verkefna hjá nýrri stofnun ætti starfsfólk að ráða við með sama hætti og ráðuneytið leggur upp með að forstjóri Menntamálastofnunar verði forstjóri nýrrar gjörbreyttrar stofnunar. Í þessu samhengi minnir BHM á þá skyldu starfsfólks ríkisins að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði sbr. 19. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í kjölfar flutnings starfsmanna á milli stofnana gæti starfsfólk þurft að hlíta breytingum á starfssviði eða að látið af störfum vegna þeirra breytinga kjósi það svo. Slík útfærsla felur í sér meðalhóf og er án vafa minnst íþyngjandi gagnvart starfsfólki.

Verði sú útfærsla sem ráðherra leggur til í frumvarpsdrögum að lögum verður öllu starfsfólki Menntamálastofnunar sagt upp störfum. Ætla má að hluti starfsfólks muni sækja um og fá starf hjá nýrri stofnun eða eftir atvikum hjá ráðuneytinu. BHM gerir þá skýlausu kröfu að verði þetta niðurstaðan tryggi ráðherra hið minnsta að í frumvarpinu verði tryggt að með þessu starfsfólki flytjist áunnin réttindi þeirra eins og kjarasamningsbundinn réttur til námsleyfis.

BHM ítrekar fyrri afstöðu sína til sömu hugmyndar og mótmælir harðlega þeim áformum að öllu starfsfólki Menntamálastofnunar verði sagt upp störfum. Leggur BHM til að áformum ráðherra verði breytt á þann veg að tryggja réttarstöðu starfsfólks sem breytingin nær til. Við þá breytingu verði meðal annars horft til ákvæðis til bráðabirgða I. í gildandi lögum um Menntamálastofnun þar sem fram kom að starfsfólki yrðu tryggð störf hjá nýrri stofnun en að það kynni að þurfa að hlíta breytingum á starfi eða starfsstigi í samræmi við nýtt skipurit og starfslýsingu.

Virðingarfyllst,

Friðrik Jónsson
formaður BHM

Andri Valur Ívarsson
lögmaður BHM